

NPK ehf.
Reykási
845 Flúðum

Selfossi, 15. ágúst 2025
UOS2505037/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði 2025 – Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 15. júlí 2025 um niðurstöðu eftirlits þar sem eru gerðar kröfur um úrbætur á plöntuverndarvörum á markaði sem fyrirtækið NPK ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfis- og orkustofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsverkefnisins og voru tiltækar hjá fyrirtækinu á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem NPK ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gildandi gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 20.800.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna [hér](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 569 6000 eða í gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Hafdís Inga Ingvarsdóttir

Teymi efnamála